

Námsvísir 2023-2024

6. bekkur

Námsgrein: Sund

Kennari/kennarar: Sigríður Bjarney



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur:

- þekki öryggis- og umgengnisreglur á sundstað. Hafi jákvæðni og kurteisi að leiðarljósi í samskiptum.
- þekki mikilvægi hollrar hreyfingar, mataræðis, hvíldar og hreinlætis.
- þekki helstu hugtök sem notuð eru í kennslu, geti brugðist við fyrirmælum kennara og tileinki sér góða vinnusemi.
- gangi vel um áhöld og eigur sundlaugar.
- geti synt 200m þolsund með frjálsri aðferð, 25m skriðsund, 25m bringusund, 25m skólabaksund, 25m baksund og sundstíl.
- geti stungið sér af bakka
- geti sótt hlut á 1 – 2m dýpi eftir 5m sund
- geti troðið marvaða í 30 sek
- geti synt 6m kafasund
- geti synt 12m björgunarsund með félagi.

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennslan fer m.a. fram í formi kennslu á sunnaðferðum, leikja, köfun og björgunarsundi. Farið er eftir hæfniviðmiðum í skólaípróttum í Aðalnámskrá grunnskóla 2013.

Námsmat

Við gerð námsmats er tekið mið af hreyfifærni, tækni, vinnu/virkni og hegðun nemenda. Nemendur fá bókstaf í lokamati.

Námsgögn

Nýtt eru öll þau áhöld/tæki (inni og úti) sem eru til í sundlaug.